Nr. 33.
5.
desbr.

# Lög

um

friðun á Hallormsstaðarskógi.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1\. grein.

Stjórninni veitist heimild til að gjöra ráðstafanir til þess, að jörðin Hallormsstaður í Suður-Múlasýslu með hjáleigum og kúgildum þeim, er henni fylgja, og ítaki hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðarskógi, verði eign landssjóðs og leggist undir Skriðuklaustursumboð, gegn því, að gjald það til landssjóðs, að upphæð 1000 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá Vallanesprestakalli, færist niður í 760 kr.

2\. grein.

Amtsráð Austuramtsins skal hafa yfirumsjón með byggingu og ábúð Hallormsstaðar, skipa fyrir um meðferð á skóginum og semja tillögur um eptirgjald eptir jörðina, er landshöfðingi ákveður síðan.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 5. desember 1899.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

***Frederik,***

krónprinz.

(L. S.)

*Hørring.*

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 33.
5te
Decbr.

om

## Fredning af Hallormsstadarskov.

**Vi Christian den Niende,** **af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,**

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Regeringen bemyndiges til at træffe Foranstaltning til, at Jorden Hallormsstadur i Sønder-Mula Syssel med tilhørende Afbyggersteder og Kvilder samt det forhenværende Thingmuli Præstekalds Servitut i Hallormsstadarskov bliver Landskassens Ejendom og henlægges til Skriduklosters Ombud, imod at den Vallanes Præstekald ifølge Lov af 27de Februar 1880 § 1 paahvilende Udbetaling til Landskassen af 1000 Kr. aarlig nedsættes til 760 Kr.

§ 2.

Amtsraadet for Østamtet skal have Overopsyn med Hallormsstadurs Bygsel og Brug, fastsætte Regler for Skovens Behandling samt gøre Indstilling om den jordbrotlige Afgift af Jorden, som derefter bestemmes af Landshøvdingen.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 5te December 1899.**

---

**Ministeriet for Island, den 5te December 1899.**

***Hørring.***

---

*Ólafur Halldórsson.*